



Gjaldskrá

Skipulags- og byggingarmála í Kjósarhreppi vegna afgreiðslu umsókna, leyfisveitinga og þjónustu.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er sett með heimild í lög um mannvirki nr. 160/2010 með tilvísun til 51. og 53. gr. laganna.

2. gr.

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldsskrá þessi kveður á um.

3. gr.

Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta af kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila

4. gr.

Upphæðir gjaldskrár breytast árlega 1. jan, í samræmi við breytingu vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitalan er 316,7 stig. þann 01. janúar 2006. Byggingarvísitalan var sett á 100,0 stig 01. janúar 2010.

5. gr.

Gjaldskráin skiptist í eftirfarandi gjaldflokkar:

A - Byggingarleyfisgjöld

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er eftirfarandi vinna: ein yfirferð aðaluppdráttar, byggingarleyfi, útmæling fyrir grefttri, útmæling og afsetning bygginga og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Yfirlit byggingarleyfisgjalda

		kr.
Íbúðarhúsa allt að 600 m ³	pr. hús.	224.492
Fyrir rúmmetra umfram 600 m ³	pr. m ³	135
Fyrir útihús á lögbýlum allt að 1000 m ³	pr. hús.	111.658
Fyrir rúmmetra umfram 1000 m ³	pr. M ³	66
Sumarhús og annað ekki upptalið allt að 200 m ³	pr. hús.	111.658
Fyrir rúmmetra umfram 200 m ³	pr. m ³	224
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi fast gjald.	pr. Framkv.	111.658
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi	pr. M ²	2.245
Atvinnu og þjónustuhús allt að 500 m ³	pr. hús.	156.322
Fyrir rúmmetra umfram 500 m ³	pr. hús.	66



B - Þjónustugjöld

Yfirlit þjónustugjalda:

	Kr.
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	11.230
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	11.230
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	22.450
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	11.760
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	11.230
Fyrir grenndarkynningu, minniháttar	22.450
Fyrir grenndarkynningu, umfangsmikil	111.660
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	44.670
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	33.030
Húsaleiguúttektir	11.230
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	11.760
Stöðuleyfi	11.230
Gerð stofnskjals	11.230
Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss; pr. Mælingu	33.030

Vegna breytinga á þegar samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi gildir eftirfarandi:
Viðkomandi hagsmunaraðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

C- Framkvæmdarleyfi.

Gjald fyrir framkvæmdarleyfi ákveður skipulags- og byggingarnefnd eftir umfangi framkvæmda. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Lámarksgjald skal aldrei vera lægra en kr.15.000.-

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu vera á gjalddaga við útgáfu reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Sendur er greiðsluseðill til greiðanda.

Byggingaleyfi er ekki gilt fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða um þau samið.

7. gr.

Gjöld skv. A og C lið fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð. Þau má innheimta með fjárnámi sbr. 3. mgr. 53.gr. skipulags- og byggingalaga.

Gjöld samkvæmt A-lið gjaldskrár skulu endurgreidd ef handhafi byggingarleyfis skilar leyfi. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af hreppsnefnd Kjósarhrepps með heimild í 20. gr. og 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 898/2006 og síðar.

Kjósarhreppi 31. maí 2019

Karl Magnús Kristjánsson, oddviti